

Viðbyggingin: Í eldhúsinu

120 námsmeyjar í Húsmæðraskólanum í vetur

HÚSMÆDRASKÓLA Reykjavíkur var sagt upp í gær. Í ræðu, er forstöðukona skólans, frú Hulda Stefánsdóttir, flutti við það tækifæri, hóf hún mál sitt með því, að minnst frú Fjólu Fjeldsted, er alla tíð, frá því skólinn var stofnaður, var ein af bestu stuðningskonum skólans. Allir viðstaddir risu úr sætum til heiðurs minningar hinnar látnu merkiskonu.

Forstöðukonan gerði í fáum orðum grein fyrir starfsemi skólans á þessu ári, en þar nutu kennslu alls 120 námsmeyjar. Af þeim voru 40 í heimavist.

Fastir kennarar skólans voru þeir sömu og áður, nema hvað Þorbjörg Bjarnadóttir frá Vigur ljet af störfum, en Katrín Helgadóttir húsmæðrakennari kom í hennar stað.

Starfsemi skólans var ýmsum þvenjulegum erfiðleikum bundin að þessu sinni, vegna þess að viðbótarbyggingunni við skólahúsið varð ekki lokið á tilætludum tíma. Kennsla hófst því síðar, en venja er til, ekki hægt að koma við kennslu á dagnámsskeiðum og kvöldnámskeiðum fyrr en síðara hluta vetrar. Eitt námskeið var haldið í eldhúsi Miðbæjarskólans. En í marsþyrjun hófust dagnámsskeið í hinni nýju byggingu, enda þótt henni væri ekki lokið.

Kostnaður nemenda í heimavist var kr. 2,100 fyrir allan tímamann, á fyrra dagnámsskeiðinu var hann kr. 650 en á hinu síðara kr. 550. Á kvöldnámskeiðunum varð hann kr. 200—260.

Sýning á handavinnu nemenda var á fimmtudag og föstudag í síðastliðinni viku, eins og

Viðbótarbyggingin tekin í notkun í marsþyrjun

áður hefur verið skýrt frá. Var sýning þessi mjög fjölsótt, og luku sýningargestir lofsorði á hina fallegu og vönduðu vinnu, er þar var sýnd.

Frú Ólöf Blöndal hefur, sem að undanförunu, kennt handavinnu og hannyrðir, frú Dagbjört Jónsdóttir matreiðslu svo og frk. Katrín Helgadóttir, frk. Sigurlaug Björnsdóttir þvott og ræstingu og Guðrún Jónasdóttir vefnað. Stundakennarar voru Herdís Guðmundsdóttir í kjóla- saum, Sigríður Haraldsdóttir kenndi matreiðslu á fyrsta kvöldnámskeiði, en Sigríður Lárusdóttir á tveim hinum síðari kvöldnámskeiðum. Aðstoðarkennari var frk. Sigríður Gísladóttir, eins og undanfarin ár.

Er forstöðukona skólans frú Hulda Stefánsdóttir, hafði gert grein fyrir starfsemi skólans á undanförunu skólaári, ávarp aði hún námsmeyjarnar, er nú hverfa frá skólanum. Lýsti hún því m.a. hvernig þær ættu að temja sjer, að greina á milli aðalatriða og aukaatriða hvers máls, og hvað það væri, í námi þeirra sjerstaklega, sem þær ættu að varðveita og leggja áherslu á er út í lífið kemur.

Í forföllum formanns skólanefndar, frú Ragnhildar Pjetursdóttur, þakkaði frá Helga Rafnsdóttir forstöðukonunni og kennurum skólans fyrir hið mikla og óeigingjarna starf

þeirra í þágu skólans og nemendanna.

★

Viðbótarbygging sú, sem reist hefur verið við hið fyrra skólahúsið, er ekki stór. Því lóð skólans leyfir ekki mikla byggingu umfram það, sem áður var.

Í hinni nýju byggingu er rúm gott kennslueldhúsið, saumastofa, matargeymsla og fatageymsla. Kennsla fyrir námsmeyjar á dagnámsskeiðum og kvöldnámskeiðum fer að miklu leyti fram í hinu nýja húsi.

Hjer birtast tvær myndir úr hinni nýju byggingu, önnur frá saumastofunni, þar sem frú Ólöf Blöndal er við kennslu. Hún sjest út við glugga á miðri myndinni.

En hin myndin er úr hinu nýja eldhúsi, þar sem sjest frú Dagbjört Jónsdóttir kennslukona, lengst til hægri, og síðan þessar námsmeyjar, talið frá hægri: Sigríður G. Pálsdóttir, Lilja Kristjánsdóttir, Svava Jónsdóttir, Guðrún Erla Jónasdóttir, Ágústa Sigurjónsdóttir, Eva Úlvarsdóttir, Jóhanna Bjarnadóttir, Jóhanna Gunnarsdóttir, Margrjet Magnúsdóttir, Krístrún Karlsdóttir, Guðborg Siggeirsdóttir, Krístrún Magnúsdóttir, Guðbjörg Guðjónsdóttir, Elsa Þorkelsdóttir, Sigríður Jónsdóttir, Guðrún Elíasdóttir, Ólöf Sverrisdóttir, Hjördis Oddgeirsdóttir og Hrefna Björnsdóttir.

Sálsýki aðalumræðuefni Prestafjelagsfundarins

PRESTAFJELAG ÍSLANDS Um rjettindi og skyldur embættismanna.

Kl. 11 f. h. var rætt um rjettindi og skyldur embættismanna. Það gerði sjera Björn Magnússon dósent, og skýrði hann frá frumvarpi til laga, sem fram er komið um það atriði. — Rakti hann frv. í einstökum liðum og gerði grein fyrir þýðingu þess.

Ávarp formanns.

Frá Háskólakapellunni var gengið í hátíðasal Háskólans, sem þá var skryður fánur allra Norðurlanda vegna norræna stúdentamótsins þessa dagana. — Form. Prestafjelags Íslands próf. Ásmundur Guðmundsson hóf ávarp sitt til prestanna með því að minnst á, að 10 ár væru um þessar mundir liðin frá því að núverandi biskup tók við embætti sínu. — Fór hann viðurkenningarorðum um störf biskups, sem bæði hefðu verið margþætt og mikil á þessum árum. — M. a. gat próf. Ásmundur þess, að líklega hafi enginn biskup unnið meir fyrir kirkjusöng í landinu síðan Jón Ögmundsson leið.

Baráttutímar framundan.

Í ávarpi sínu komst próf. Ásmundur svo að orði: „Þess er nú síst að dyljast, að miklir baráttutímar munu vera framundan fyrir þjóð okkar. Já, innbyrðis barátta er þegar hafin, — hörð og hatrammleg eins og atburðirnir sorglegu 30. mars bera ljósast vitni um“. Síðan minnti hann á, að nú þyrftum við að standa sameiginlega vörð um sjálfstæði, tungu og þjóðerni, allt hið dýrasta og besta, sem feður okkar og mæður hefðu unnið fyrir með lífi sínu og starfi.

„Þú veist allt...“

Próf. Ásmundur fór nokkrum orðum um hlutverk kirkjunnar á öld sundruna og flokkaðráttu, en það hlutverk væri að bera á milli friðarorð og kærleika, sætta og sameina, og auka þjóðina þannig að innra þrótti. — Hvatti hann prestana til þess að láta frumtón Kristindómsins óma í hjörtunum, en sá frumtón væri kærleikur Krists. — Minnti hann á orð Páls: Hvað mun geta gjört oss viðskila við kærleika Krists, — og játningu Pjeturs frammi fyrir Kristi: Þú veist allt, þú veist að jeg elska big.

Kennslubók í kristnum fræðum fyrir gagnfræðaskóla.

Í skýrslu fjelagsstjórnar, sem próf. Ásmundur flutti, var frá því sagt, að sjera Árelíus Nielsón hefði tekið að sjer f. h. fjelagsstjórnarinnar að semja námsbók í kristnum fræðum fyrir gagnfræðaskóla. — Væri mikil þörf slíkrar bókar, þar sem margir biðu nú eftir þeirri bók til þess að geta hafið kennslu í kristnum fræðum við framhaldsskólana. — Ingimar Jóhannesson kennari mun aðstoða við samningu bókarinnar í samráði við Prestafjelagsstjórnina.

Kl. 11 f. h. var rætt um nauðsyn á fræðslu presta varðandi sálsýki. — Voru tveir framsögu menn: Dr. Helgi Tómasson og sjera Jakob Jónson. — Sjera Jakob talaði frá sjónarmiði prestsins um þennan þátt á starfi fyrir hina sjúku, og lagði áherslu á hve nauðsynlegt það væri prestinum í starfi hans að vera á verði hvað gera bæri fyrir þá sem á einhvern hátt væru sálarlega vanheilir og þyrftu lækningar við.

Dr. Helgi Tómasson talaði um málið frá sjónarmiði læknisins og visindamannsins. — Sagði hann að heppilegt væri að guðfræðinemar ynnu einhvern tíma á geðveikrahæli til þess að öðlast raunhæfa þekkingu á þessum sjúkdómi. — Einnig væri það æskilegt að fyrirlestrar í sálsýkisfræði yrðu fluttir sem einn liður í námi þeirra. — Hvöttu báðir ræðumenn til samvinnu milli presta og lækna á þessu máli.

Dr. Helgi Tómasson talaði um málið frá sjónarmiði læknisins og visindamannsins. — Sagði hann að heppilegt væri að guðfræðinemar ynnu einhvern tíma á geðveikrahæli til þess að öðlast raunhæfa þekkingu á þessum sjúkdómi. — Einnig væri það æskilegt að fyrirlestrar í sálsýkisfræði yrðu fluttir sem einn liður í námi þeirra. — Hvöttu báðir ræðumenn til samvinnu milli presta og lækna á þessu máli.

Dr. Helgi Tómasson talaði um málið frá sjónarmiði læknisins og visindamannsins. — Sagði hann að heppilegt væri að guðfræðinemar ynnu einhvern tíma á geðveikrahæli til þess að öðlast raunhæfa þekkingu á þessum sjúkdómi. — Einnig væri það æskilegt að fyrirlestrar í sálsýkisfræði yrðu fluttir sem einn liður í námi þeirra. — Hvöttu báðir ræðumenn til samvinnu milli presta og lækna á þessu máli.

Heimsóknir kennimanna frá Norðurlöndum.


Kl. 5 e. h. flutti próf. Ásm. Guðmundsson visindalegan fyrirlestur er hann nefndi: Þættir úr ævi Jesú frá Nasaret. — Þökkðuðu fundarmenn erindið með því að rísa úr sætum.

Sjera Páll Þorleifsson að Skinnastað form. allsherjarnefndar bar fram till. er borist höfðu m. a. varðandi Klerjuritið, till. dr. Helga Tómassonar um verklega og fræðilega kennslu í sálsýki við Guðfræðideild Háskólans, og heimsóknir kennimanna frá Norðurlöndum og voru þær samþykktar.

Stjórnarkosning.

Samkv. hinum nýju fjelagsl. áttu tveir menn að ganga úr stjórninni, próf. Ásm. Guðmundsson og sjera Sveinbjörn Högnason. Voru þeir báðir endurkosnir. Varamenn voru einnig endurkosnir: sjera Hálf-dán Helgason prófastur, sjera Sigurbjörn Einarsson dósent. Endurskoðendur voru einnig endurkosnir: Sjera Friðrik Hallgrímsson, sjera Þorsteinn Briem og sjera Sigurjón Árnason. — Heillakveðja barst frá sjera Ragnari Benediktssyni og var kveðjan þökk með lófataki.

Þessum aðalfundi Prestafjelagsins lauk svo í kapellunni með guðræknisstund um kl. 7,30 e. h. — Var þessi aðalfundur fræðandi og örfandi til starfa fyrir kirkju Krists, og til ánægju fyrir þá sem hann sóttu.



Viðbyggingin: Í saumastofunni